

2. fundur umhverfisnefndar Heiðarskóla

5. október 2022 kl 12:50

Mættir: Emilía Ósk, Reynir Snær, Hafsteinn Hrafn, Ísabella Rós, Þóra Kristín, Valgarður Orri, Matthildur Svana, Lára, Berglind Ýr, Sigríður Lára og Þórdís sem ritar fundargerð. Maron og Aldís Tara eru fjarverandi.

- Þemavika - umhverfisnefnd kemur að skipulagi þemaviku sem fjallar nú um Lýðheilsu
 - Þeir fimm þættir sem fjallað er um í Lýðheilsuverkefninu eru hreyfing, holl næring, hvíld, samskipti og hreinlæti.
 - Umhverfisteymið leggur til að vikan endi á fjölgreindaleikum, sameiginlegum mat fyrir alla (borðað í hópunum sínum) og frjálst eftir hádegi og tekur umhverfisnefndin vel í það.
 - Hvert stig vinnur Lýðheilsuverkefni hina daga vikunnar.
 - Spilavinir koma einn dag með kynningu á spilum. Hvert stig fær klukkustundarkynningu.
 - Öll stig hafa skilað gátlistum og kom þar fram að líkamsbeitingu þarf að kynna betur, kynfræðsla (unglingastig) og loftgæðamál á mið- og yngsta stigi.
 - Næringafræðingur kemur svo í heimsókn fljótlega - rætt um viðmiðunardiskinn og hollan mat.
- Umhverfisnefnd óskar eftir því að taka þátt í „Jól í skókassa“ verkefni KFUM og K og þarf að skila kössunum fyrir 12. Nóvember.
- Næsti fundur verður í byrjun nóvember þar sem skoða þarf hvaða vikur matarvigtn er.

Fundi slitið kl 13:20

Þórdís